

Hrafn Hlynsson

**Miskabætur samkvæmt 2. mgr. 26. gr.
skaðabótalaga**

Einskorðast ákvæðið við maka, börn eða foreldra?

- BA ritgerð í lögfræði -



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Umsjónarkennari: Grímur Sigurðsson

Lagadeild Háskóla Íslands

Júní 2010

EFNISYFIRLIT

1 Inngangur	2
2 Ófjárhagslegt tjón.....	2
2.1 Almennt.....	2
2.2 Fjártjón og miski	2
2.3 Miskabætur í skaðabótalögum	3
2.4 Hlutverk miskabóta og rökin fyrir þeim.....	4
3 Miskabætur samkvæmt 2. mgr. 26. gr. skaðabótalaga.....	6
3.1 Almennt.....	6
3.2 Forsaga lagaákvæðisins.....	6
3.2.1 Aðdragandinn.....	6
3.2.2 Eldra ákvæði hegningarlaga.....	8
3.3 Skilyrði um aukið sagnæmi.....	8
3.3.1 Gáleysi.....	8
3.2.2 Ásetningur.....	9
3.4 Sönnun og sönnunarbyrði.....	10
3.5 Maki, börn og foreldrar	12
3.5.1 Almennt.....	12
3.3.2 Maki	13
3.5.3 Börn.....	14
3.5.4 Foreldrar.....	14
3.6 Er hægt að láta ákvæðið ná til fleiri aðila?.....	15
3.6.1 Almennt.....	15
3.6.2 Réttarstaðan á Norðurlöndunum	15
3.6.3 Lögskýringarsjónarmið	16
3.6.5 Getur sá sem verður vitni að dauða fengið dæmdar miskabætur?	19
4 Niðurstöður	20
Heimildarskrá.....	23
Dómaskrá	24

1 Inngangur

Umfjöllun þessarar ritgerðar mun fyrst og fremst beinast að 2. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 (hér eftir skammstöfuð skbl.) en ákvæðið hljóðar svo:

Þeim sem af ásetningi eða stórfelldu gáleysi veldur dauða annars manns má gera að greiða maka, börnum eða foreldrum miskabætur.

Í 2. kafla verður farið yfir hvað átt er við með ófjárhagslegu tjóni og gerð verður grein fyrir muninum á fjártjóni og miski og skoðað eftir hvaða mælikvörðum er farið þegar slík tjón eru bætt. Í þeim kafla verður einnig minnst á hvaða önnur ákvæði í skbl. heimila bætur fyrir miski og farið yfir tilganginn og rökin að baki miskabótum. Í 3. kafla, sem er meginefni ritgerðarinnar, verður fjallað um þau skilyrði sem 2. mgr. 26. gr. setur því að dæmdar verði miskabætur og rakið hvað liggja þarf fyrir við sönnun á saknæmi og hver ber sönnunarbyrðina fyrir því. Farið verður yfir hverjir falla nákvæmlega undir orðin maki, börn og foreldrar sem tilgreindir eru í ákvæðinu. Að lokum verður fjallað um hvort hægt sé að skýra ákvæðið svo rúmt að það nái til fleiri aðila, eins og til þess sem verður vitni að dauða annars manns.

2 Ófjárhagslegt tjón

2.1 Almenn

Í skaðabótarétti er gerður greinarmunur á fjártjóni og ófjárhagslegu tjóni. Í þessum kafla verður leitast við að útskýra muninn á þessum hugtökum. Ófjárhagslegt tjón er oft kallað miski og því er talað um miskabætur þegar verið er að bæta ófjárhagslegt tjón.¹ Í kaflanum verður einnig vikið að því hvaða önnur ákvæði í skbl. mæla fyrir um miskabætur. Að lokum verður leitast við að kanna hlutverk miskabóta og rökin að baki þeim.

2.2 Fjártjón og miski

Fjártjón er, eins og hugtakið gefur til kynna, tjón á fjármunum. Í framhaldi af því þarf að gera sér grein fyrir hvað felst í hugtakinu fjármunir, en það er oftast útskýrt þannig að það taki til verðmæta eða réttinda manna sem hafa peningalegt gildi. Með fjártjóni er þannig átt við

¹ Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 57.

rýrnun gildis þessara verðmæta með beinum eða óbeinum hætti.² Að framansögðu virtu, má skilgreina fjártjón sem það tjón, sem metið verður til peninga eftir almennum hlutlægum mælikvarða.³

Ófjárhagslegt tjón eða miski er hins vegar tjón sem ekki verður metið eftir almennum mælikvarða.⁴ Við mat á miska þarf að styðjast við einstaklingsbundnar hugmyndir manna um verðmæti þeirra gæða sem raskað hefur verið.⁵ Í miska felst skerðing hugrænna gæða sem eru bundin við einstaklinginn sjálfan og hafa því ekki hlutlæga tilveru utan rétthafans sjálfs.⁶ Það er því erfiðara að meta miska til peninga eins og almennt fjártjón þar sem ekki er við hlutlægan mælikvarða að styðjast.⁷ Þess vegna hefur almennt verið talið að sérstaka heimild þurfi í settum lögum til að dæma miskabætur, enda vantar mælikvarða til að meta tjónið til fjár með almennum hætti.⁸

2.3 Miskabætur í skaðabótalögum

Ófjárhagslegt tjón er bætt með þrennum hætti samkvæmt skbl. Í fyrsta lagi er tímabundið ófjárhagslegt tjón samkvæmt 3. gr. skbl. bætt sem þjáningarbætur. Í öðru lagi er varanlegur miski sem er varanlegt ófjárhagslegt tjón í kjölfars líkamstjóns bættur samkvæmt 4. gr. skbl. Í þriðja lagi er hægt að dæma miskabætur samkvæmt 26. gr. sbkl. ef maður veldur öðrum manni líkamstjóni eða dauða af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi, eða ber ábyrgð á ólögumætri meingerð gegn frelsi, persónu eða æru annars manns.⁹ Þegar líkamstjóni er valdið af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi getur tjónþoli öðlast rétt til miskabóta samkvæmt 26. gr. sbkl., til viðbótar þjáningarbótum og bótum fyrir varanlegan miska, samkvæmt 3. og 4. gr. skbl.¹⁰

Með tilkomu 3. og 4. gr. skbl voru lögfestar almennar reglur um hvernig ætti að ákvarða bætur vegna ófjárhagslegs tjóns sem tengdist líkamstjóni. Því á framangreind skilgreining í kafla 2.2 um mat á miskabótum ekki lengur við 3. og 4. gr. skbl. Miskabætur samkvæmt 26. gr. skbl. eru hins vegar enn ákvarðaðar að álitum, eins og lengst af var gert við allar miskabætur og því gildir gamla skilgreiningin fullum fetum hér.¹¹

² Ólafur Jóhannesson: „Fjártjón og miski“, bls. 4.

³ Arnljótur Björnsson: *Skaðabótaréttur*, bls. 20.

⁴ Ólafur Jóhannesson: „Fjártjón og miski“, bls. 11.

⁵ Arnljótur Björnsson: *Skaðabótaréttur*, bls. 20.

⁶ Ólafur Jóhannesson: „Fjártjón og miski“, bls. 11.

⁷ Ólafur Jóhannesson: „Fjártjón og miski“, bls. 11.

⁸ Sjá m.a. Ólafur Jóhannesson: „Fjártjón og miski“, bls. 11 og Arnljótur Björnsson: *Skaðabótaréttur*, bls. 20.

⁹ *Lögfræðiorðabók með skýringum*, bls. 288.

¹⁰ Alþt. 1998-99, A-deild, bls. 1299.

¹¹ Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 57.

2.4 Hlutverk miskabóta og rökin fyrir þeim.

Með hlutverki skaðabótareglna er fyrst og fremst átt við áhrifin af framkvæmd reglnanna, sem er grundvöllur þess að þær verði taldar gagnlegar og hentugar.¹² Skaðabótareglur hafa að meginstefnu tvö hlutverk samkvæmt hefðbundnum skoðunum fræðimanna. Í fyrsta lagi er þeim ætlað að bæta það tjón sem orðið hefur og í öðru lagi að vera víti til varnaðar gagnvart bótaskyldri háttsemi. Það er því almennt talað um bótahlutverk skaðabótareglna og varnaðarhlutverk þeirra.¹³ Það er vandkvæðum bundið að fullyrða að skaðabótareglur hafi í raun eitthvert varnaðarhlutverk og til þess að svara því þyrftu að liggja fyrir ítarlegar rannsóknir, sem erfitt er að afla.¹⁴ Því hefur hart verið deilt um varnaðarhlutverkið og þýðingu þess¹⁵ og líklega má fullyrða að trú manna á þýðingu varnaðaráhrifa skaðabótareglna hafi farið dvínandi með árunum m.a. vegna þessara deilna.¹⁶ Tæplega má gera ráð fyrir að hinn almenni borgari verji miklum tíma í lestur laga og ólíklegt má telja efni sérstakra skaðabótareglna sé á almenningss vitorði. Því má segja að varnaðaráhrifin hafi verið ofmetin og að gert hafi verið ráð fyrir að hinn almenni borgari þekkti lögina betur en hann gerir í raun. Meiri áhersla er lögð á bótahlutverk skaðabótareglna og það jafnan talið þeirra mikilvægasta hlutverk.¹⁷ Með bótahlutverkinu er átt við að tjónþoli verði gerður eins settur fjárhagslega og ef tjón hefði ekki orðið.¹⁸ Það eflir öryggis tilfinningu fólks í þjóðfélaginu að vita að það fái tjón sitt bætt.¹⁹ Skaðabótareglur gegna einnig fleiri hlutverkum og meðal þeirra má nefna að skaðabótaréttur getur veitt þeim, sem misgert er við, eðlilega útrás fyrir hefndarhug.²⁰

Eitt af hlutverkum miskabóta er að bæta tjón sem mjög erfitt getur verið að sýna fram á þar sem tjónið sem tjónþoli verður fyrir er ófjárhagslegt og því eru miskabætur eins konar sárabætur fyrir tjónþola.²¹ Erfitt er að fullyrða hvort 26. gr. skbl. hafi í raun einhver varnaðaráhrif en hún hefur a.m.k. bótahlutverk. Telja má að 26. gr. sbkl. hafi enn sterkari tengsl við uppreisnarhlutverkið, þ.e. að skaðabótareglur séu til þess fallnar að veita þeim sem verður fyrir tjóni uppreisn en ekki eingöngu fjárhagslega, heldur einnig viðurkenningu á því

¹² Jan Hellner: *Skadestandsrátt*, bls. 31.

¹³ Arnljótur Björnsson: *Skaðabótaréttur*, bls. 21.

¹⁴ Arnljótur Björnsson: *Skaðabótaréttur*, bls. 22.

¹⁵ Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 63.

¹⁶ Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 64.

¹⁷ Arnljótur Björnsson: *Skaðabótaréttur*, bls. 22.

¹⁸ Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 60-61.

¹⁹ Arnljótur Björnsson: *Skaðabótaréttur*, bls. 22.

²⁰ Arnljótur Björnsson: *Skaðabótaréttur*, bls. 27.

²¹ Eiríkur Jónsson: „Miskabætur vegna ólögætrar meingerðar gegn æru samkvæmt b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga“, bls. 29.

að hann hafi sætt ólögmati hagsmunaskerðingu.²² Með sanni má segja að 2. mgr. 26. gr. veiti aðstandendum ákveðna uppreisn og viðurkenningu á þjáningu þeirra.

Afstaða fræðimanna hefur lengst af verið að aðeins hinn eiginlegi tjónþoli geti átt rétt á skaðabótum.²³ Nær allar reglur í skaðabótarétti veita eingöngu bætur fyrir beint tjón sem tjónþoli verður fyrir sjálfur.²⁴ En 2. mgr. 26. gr. hefur annað hlutverk en flest önnur ákvæði í skaðabótarétti, því 2. mgr. 26. gr. veitir bætur fyrir afleitt tjón. Með afleiddu tjóni er átt við að einhver annar verður fyrir tjóni en hinn eiginlegi tjónþoli.²⁵ Aðstandendur látins manns verða fyrir tjóni vegna þess að hann hefur látið lífið en ekki vegna atburðar sem sneri beint að þeim. Með setningu 2. mgr. 26. gr. skbl. var því lögfest undantekning á þeirri reglu að aðeins séu veittar bætur fyrir beint tjón.²⁶

Skilgreina má rökin fyrir skaðabótareglum sem þau atriði sem liggja til grundvallar eða réttlæta það að þjóðfélagið noti skaðabótareglur.²⁷ Tilvist skaðabótareglna er oft rökstudd með réttlætissjónarmiðum, sérstaklega þar sem sök er gerð að skilyrði fyrir bótaskyldu.²⁸ Er það talið vera í samræmi við réttlætiskennnd manna að þeir sem valda tjóni séu gerðir skaðabótaskyldir.²⁹ Flestir fræðimenn hafa lagt mikla áherslu á réttaröryggishliðina, sem snýr að því að tryggja það að tjónþoli fái bætur. Meginmarkmið skaðabótareglna sé því að veita tjónþola bætur og það réttlæti tilveru reglnanna.³⁰

Sá sem verður fyrir tjóni á rétt á miskabótum vegna afleiðinga þess, þó svo að ekki sé hægt að meta tjónið eftir almennum hlutlægum mælikvarða. Rökin að baki miskabótum eru m.a. þau að bæturnar skapi tjónþola ánægjukennnd sem vegi upp á móti því ógeðfella sem hann hefur lent í og dreifi huga hans.³¹ Miskabætur eru fyrst og fremst til þess fallnar að veita tjónþola eitthvað til að vega upp á móti sorginni og eru því eins konar „plástur á sárið“.³²

Dæmi eru um að sjónarmið um hlutverk og rök miskabóta hafi komið fyrir í forsendum dóma. Nefna má *Hrd. 2003, bls. 1379 (168/2002) (Shaken baby syndrome)* en þar hafði drengur látist á dagheimili eftir að hafa verið hristur svo harkalega að það blæddi inn á heila. Niðurstaða héraðsdóms, sem Hæstiréttur staðfesti, var að foreldrar drengsins hefðu augljóslega orðið fyrir miska af völdum ákærða og ætti slíkur miski að vera bættur með

²² Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 67.

²³ Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 329-330.

²⁴ Ef skoðuð eru ákvæði skbl. að þá sést þetta greinilega.

²⁵ Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 330.

²⁶ Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 334. Sjá heitið á kaflanum á þessari bls. hjá Viðari.

²⁷ Jan Hellner: *Skadeståndsrätt*, bls 20.

²⁸ Arnljótur Björnsson: *Skaðabótaréttur*, bls. 29.

²⁹ Arnljótur Björnsson: *Skaðabótaréttur*, bls. 29.

³⁰ Arnljótur Björnsson: *Skaðabótaréttur*, bls. 30.

³¹ Guðný Björnsdóttir: „Miskabætur fyrir líkamstjón“, bls. 114.

³² Nils Nygaard: *Skade og ansvar*, bls 163.

fjárgreiðslum. Tekið var fram í dómnum að slíkar bætur gætu auðvitað aldrei komið í stað sonarins, enda væri það ekki markmið bótanna. Það má því leiða það af þessum dómi að miskabæturnar eiga að veita þeim sem eftir eru á lífi huggun og hjálpa þeim að takast á við sorgina og söknuðinn með því að dreifa huga þeirra.

3 Miskabætur samkvæmt 2. mgr. 26. gr. skaðabótalaga

3.1 Almenn

Með setningu 2. mgr. 26. gr. skbl. var brotið blað í íslenskum skaðabótarétti þar sem bótaábyrgðin hefur verið færð út fyrir það sem áður var talið gilda.³³ Ákvæðið er í raun undantekning frá þeirri meginreglu að þriðji maður fái ekki bætur vegna tjóns annars manns.³⁴ Í þessum kafla verður farið stuttlega yfir aðdragandann að setningu skbl. og þar með setningu ákvæðisins sem hér um ræðir. Einnig verður vikið að því hvernig réttarstaðan var áður en skbl. tóku gildi og farið stuttlega yfir það hverjir gátu þá átt rétt á miskabótum. Síðan verður greint frá þeim sérstöku saknæmisskilyrðum sem eru í 2. mgr. 26. gr. skbl. en ákvæðið gerir auknar kröfur til saknæmis sem er undantekning í skaðabótarétti.³⁵ Farið verður yfir hvað þurfi að sanna til að hægt sé að krefjast bóta og hver beri sönnunarbyrðina fyrir því. Fjallað verður um hverjir teljast til maka, barna og foreldra í skilningi ákvæðisins og að lokum hvort hægt sé að skýra ákvæðið þannig að það nái til fleiri aðila en þeirra sem það telur sjálft upp.

3.2 Forsaga lagaákvæðisins

3.2.1 Aðdragandinn

Eldri réttarreglur um skaðabætur höfðu mótast fyrir tilstilli dómvenju á nokkurra áratuga skeiði.³⁶ Fyrstu lögum um skaðabætur voru sett árið 1993 með skbl. en fyrir þann tíma voru helstu reglur á sviði skaðabótaréttar ólögfestar. Enn þann dag í dag er stór hluti af meginreglum skaðabótaréttar ólögfestur en ekki hefur þótt nauðsynlegt að setja ítarleg heildarlög um meginreglur skaðabóta utan samninga, m.a. þar sem nágrannaþjóðir okkar á Norðurlöndunum létu það ógert við setningu sinna skaðabótalaga.³⁷ Þar sem íslenskar réttarreglur eru byggðar á norrænum grunni þótti heppilegast að leita fyrirmynda til norræna réttarreglna við setningu skbl. Fyrirmynd íslensku laganna eru aðallega dönsku

³³ Viðar Már Mattíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 334.

³⁴ Viðar Már Mattíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 334.

³⁵ Meginreglan er að almennt gáleysi nægir til stofnunar skaðabótaskyldu, sjá Viðar Már Mattíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 154.

³⁶ Vilhjálmur H. Vilhjálmsson: „Skaðabótalög“, bls. 175.

³⁷ Alþt. 1992-93, A-deild, bls. 3621.

skaðabótalögin frá 1984 en þau voru talin henta best til að ná þeim markmiðum sem stefnt var að með setningu þessara laga og þar að auki voru þau nýjustu norrænu skaðabótalögin, en Danir voru síðastir af norrænu þjóðunum, að Íslendingum undanskildum, til að lögfesta heildarlög á sviði skaðabótaréttar.³⁸ Íslensku skbl. eru í stórum dráttum í samræmi við danskar, norskar, finnskar og sænskar reglur vegna þeirrar samvinnu sérfræðinga á Norðurlöndum sem hefur átt sér stað á sviði skaðabótaréttar.³⁹

Mikil breyting varð á íslenskum skaðabótarétti með tilkomu skbl. og sagt hefur verið að bylting hafi átt sér stað í bótarétti.⁴⁰ En þrátt fyrir að lögin væru mikil bót, þá voru ekki allir sammála um ágæti laganna og nánast um leið og þau höfðu verið lögfest upphófst gagnrýni á tiltekin ákvæði þeirra meðal lögmannna.⁴¹ Gagnrýnin beindist aðallega að útreikningi bóta en mörgum fannst að ekki væri verið að bæta að fullu raunverulegt tjón tjónþola með reiknireglunum sem í gildi voru.⁴² Lögin hafa síðan verið endurskoðuð og þeim breytt nokkrum sinnum, en breytingarnar árið 1999 skipta sköpum hér, því þá kom 2. mgr. 26. gr. skbl. fyrst til sögunnar með 13. gr. laga nr. 37/1999. Þetta ákvæði var nýmæli og hafði heimild af þessu tagi ekki verið í íslenskum rétti áður.⁴³ Tilgangurinn með lögfestingu ákvæðisins var að rýmka rétt til miskabóta, þannig að aðstandendur látins manns gætu átt rétt á slíkum bótum við vissar aðstæður.⁴⁴ Í norsku skaðabótalögunum er að finna samsvarandi reglu, sem höfð var til hliðsjónar við setningu þess íslenska.⁴⁵ Norska ákvæðið er svohljóðandi:

Den som forsettlig eller grovt aktløst har voldt en annens død, kan pålegges å betale avdødes ektefeller, samboer, barn eller foreldre slik oppreisning som nevnt i første ledd.⁴⁶

Reglan hefur verið í norsku lögunum í langan tíma og heimilar nánar tilgreindum aðstandendum þess sem deyr að krefjast bóta fyrir þær andlegu kvalir sem þeir þurfa að takast á við, í kjölfar andlátsins. Íslenska og norska ákvæðið eru mjög álík þar sem þau gera bæði ráð fyrir auknu saknæmi og telja upp sömu aðstandendur, nema að norska ákvæðið áréttar sérstaklega að sambúðarmaki eigi rétt á miskabótum á meðan það íslenska nefnir aðeins maka.

³⁸ Alþt. 1992-93, A-deild, bls. 3621.

³⁹ Alþt. 1992-93, A-deild, bls. 3621-3622.

⁴⁰ Gestur Jónsson og Gunnlaugur Claessen: „Endurskoðun Skaðabótalaga“, bls. 147.

⁴¹ Gestur Jónsson og Gunnlaugur Claessen: „Endurskoðun Skaðabótalaga“, bls. 147.

⁴² Gestur Jónsson og Gunnlaugur Claessen: „Endurskoðun Skaðabótalaga“, bls. 147.

⁴³ Alþt. 1998-99, A-deild, bls. 1300.

⁴⁴ Alþt. 1998-99, A-deild, bls. 1300.

⁴⁵ Alþt. 1998-99, A-deild, bls. 1300.

⁴⁶ Sjá 2. mgr. § 3-5 Lov om skadeserstatning nr. 26/1969.

3.2.2 Eldra ákvæði hegningarlaga

Áður en skbl. tóku gildi var að finna ákvæði sem veitti heimild til þess að dæma bætur fyrir röskun á stöðu og högum og var heimildina að finna í 2. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 (hér eftir skammstöfuð hgl.) Almennt voru bætur samkvæmt ákvæðinu taldar til miskabóta.⁴⁷ Þetta ákvæði var afnumið með tilkomu skbl. árið 1993. Þó svo að 2. mgr. 26. gr. skbl. sé nýmæli, nær ákvæðið yfir það tjón sem 2. mgr. 264. gr. hgl. veitti bætur fyrir áður, en ákvæði hgl. skiptist í tvo málsliði, sá fyrri heimilaði bætur fyrir missi framfæranda en sá síðari fyrir röskun á stöðu og högum.⁴⁸ Litið er svo á að 2. mgr. 26. gr. skbl. taki til þeirra bóta sem veittar voru vegna röskunar á stöðu og högum. Eldra ákvæði hgl. er því forveri bæði 12. gr. skbl. sem veitir heimild til þess að dæma bætur vegna missis framfæranda og 2. mgr. 26. gr. skbl. Almennt voru þessar bætur eftir báðum málsliðunum í 2. mgr. 264. gr. hgl. kallaðar dánarbætur⁴⁹ en í ákvæðinu sjálfu kom ekkert fram um það hverjir höfðu heimild til að krefjast slíkra bóta. Almennt var talið að maki, börn og foreldrar ættu rétt á því að krefjast dánarbóta, en ekki var loku fyrir það skotið að ýmsir aðrir gætu krafist dánarbóta, eins og barnabörn eða systkini hins látna.⁵⁰ Ekki mun þó hafa reynt á það í dómsmáli hér á landi.⁵¹ Það má því segja að gildissvið 2. mgr. 26. gr. skbl. sé þrengra en eldra ákvæðið í hgl. því 2. mgr. 26. gr. skbl. tilgreinir aðeins maka, börn og foreldra sem þá aðila sem hafa heimild til að krefjast bóta samkvæmt ákvæðinu. Því má með réttu færa fram þá spurningu hvort löggjafinn hafi í raun ætlað sér að þrengja gildissvið eldri reglunnar með upptalningunni í 2. mgr. 26. gr. skbl. eða hvort norska ákvæðið hafi einfaldlega verið þýtt beint án þess að þessu hafi verið gefinn gaumur. Má því með sanni segja að Hæstiréttur hafi haft meira svigrúm til að ákveða með tilliti til aðstæðna hverju sinni, hverjir ættu rétt á bótum í gildistíð 2. mgr. 264. gr. hgl.

3.3 Skilyrði um aukið saknæmi

3.3.1 Gáleysi

Almennt gáleysi, eða einfalt gáleysi eins og það nefnist einnig, er lægra stig gáleysis. Það telst vera almennt gáleysi þegar tjónvaldur sýnir ekki af sér þá aðgæslu sem honum hefði borið að

⁴⁷ Arnljótur Björnsson: *Kaflar úr skaðabótarétti*, bls. 418.

⁴⁸ Sjá m.a. Arnljótur Björnssonar: *Kaflar úr skaðabótarétti*, bls. 411 og 418.

⁴⁹ Arnljótur Björnsson: *Kaflar úr skaðabótarétti*, bls. 410.

⁵⁰ Sjá Arnljótur Björnsson: *Kaflar úr skaðabótarétti*, bls. 412, umfjöllunina í kafla 2.1 í þeirri bók.

⁵¹ Arnljótur Björnsson: *Kaflar úr skaðabótarétti*, bls. 412.

gera.⁵² Tjónvaldur sem gerist sekur um almennt gáleysi á sem sagt að vera það ljóst að tjón gæti hlotist af þeirri háttsemi sem hann hafði í frammi.⁵³ Háttsemi tjónvalds verður hins vegar ekki talið alvarlegt frávik frá þeirri háttsemi sem honum hefði borið að viðhafa og mörkin milli óhappatilviljunar og almenns gáleysis eru þar af leiðandi oft og tíðum óljós.⁵⁴

Munurinn á almennu og stórkostlegu gáleysi er aðeins stigsmunur.⁵⁵ Til að gáleysi verði metið stórkostlegt þarf sú háttsemi sem tjónvaldur hafði í frammi að víkja í alvarlegra mæli frá þeirri háttsemi sem honum hefði borið að viðhafa, en þegar um almennt gáleysi ræðir.⁵⁶ Tjónvaldur er samt ekki endilega talinn þurfa að vera meðvitaðari um möguleikann á tjóni.⁵⁷ Stórkostlegt gáleysi er hærra stig gáleysis og með því að sýna slíka háttsemi af sér, eru almennt meiri líkur á því að valda tjóni.⁵⁸

Sakarreglan í skaðabótarétti miðar við að almennt gáleysi nægi til þess að tjón sé skaðabótaskyld og sú er meginreglan.⁵⁹ Það hefur þó enn þýðingu að greina á milli almenns og stórkostlegs gáleysis því stundum eru gerð frávik frá meginreglunni og sérstaklega krafist stórkostlegs gáleysis í lagaákvæðum.⁶⁰ Gott dæmi um þetta er 2. mgr. 26. gr. skbl. því til að bætur verði heimilar á grundvelli þess ákvæðis þarf sá, sem verður valdur að dauða annars manns, að hafa gert það af stórkostlegu gáleysi eða ásetningi. Almennt gáleysi dugir ekki til. Það eru því gerðar auknar kröfur til saknæmis í 2. mgr. 26. gr. skbl. en nauðsynlegt er samkvæmt meginreglunni. Þetta ákvæði er sérstakt að þessu leyti þar sem mörkin á milli almenns gáleysis og stórkostlegs skipta sköpum um hvort ákvæðinu verði beitt eða ekki, en fátítt er að slíkt skipti miklu máli í skaðabótarétti.⁶¹

3.2.2 Ásetningur

Ásetningur hefur verið skilgreindur af fræðimönnum sem háttsemi þar sem tjónvaldur vissi, eða mátti vita, að tjón myndi líklega hljóta af en hann kaus þrátt fyrir það að hegða sér á þann hátt.⁶² Ásetningurinn verður að taka til afleiðinganna sem lagaákvæði nefnir hverju sinni en það er ekki skilyrði að tjónvaldur hefði viljað að tjónið yrði.⁶³

⁵² Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 158.

⁵³ Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 158.

⁵⁴ Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 159.

⁵⁵ Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 161.

⁵⁶ Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 161.

⁵⁷ Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 161.

⁵⁸ Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 161.

⁵⁹ Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 154.

⁶⁰ Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 154.

⁶¹ Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 335.

⁶² Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 165.

⁶³ Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 165.

Ekki er heimilt að refsa fyrir brot á almennum hegningarlögum nema ásetningur liggi fyrir en það er meginreglan í refsirétti.⁶⁴ Ásetningur er því meginskilyrði almennra hegningarlaga um saknæmi.⁶⁵ Þannig skiptir miklu máli í almennum refsirétti að greina á milli ásetnings og gáleysis, því brot getur verið refsilaust ef aðeins um er að ræða gáleysi.⁶⁶ Á hinn bóginn hefur þessi aðgreining ekki eins hagnýta þýðingu í skaðabótarétti því nánast aldrei er það gert að skilyrði að háttsemi hafi verið framin af ásetningi svo fella megi bótaskyldu á tjónvald.⁶⁷ Mörkin á milli efstu stiga gáleysis og lægsta stigs ásetnings eru óljós⁶⁸ og þar sem 2. mgr. 26. gr. skbl. gerir aðeins kröfur til annars hvors skipta mörkin þar á milli ekki máli hvað þetta ákvæði varðar.

3.4 Sönnun og sönnunarbyrði

Sá sem ber fram skaðabótakröfu verður að sanna að hann hafi orðið fyrir tjóni og sýna fram á hvert tjón hans er.⁶⁹ Einnig verður tjónþoli að sanna að tjón hans verði rakið til hegðunar sem tjónvaldur ber ábyrgð á samkvæmt skaðabótareglum og sé því af völdum saknæmrar háttsemi hans eða með öðrum orðum þarf tjónþoli að sýna fram á orsakatengsl.⁷⁰ Í stuttu mál verður tjónþoli að sanna tjón, bótagrundvöll og orsakatengsl.⁷¹ Meginreglan í skaðabótarétti er að sönnunarbyrðin um þessi atriði hvíli á tjónþola.⁷²

Ákvæði 2. mgr. 26. gr. skbl. gerir kröfu um aukið saknæmi samkvæmt orðalagi sínu og því þurfa aðstandendur hins látna að sanna að dauða hans hafi verið valdið af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Ef ekki tekst að sanna sök hjá tjónvaldi fá aðstandendur ekki miskabætur eftir bótareglunni.⁷³ Þar sem skaðabótamál falla undir einkamál gildir meginreglan um frjálst sönnunarmat.⁷⁴ Dómari sker því úr um hvort hann telji staðhæfingu rétta eða ekki eftir því sem fram hefur komið um hana í málinu.⁷⁵ Sönnunarreglan í skaðabótamálum er hins vegar ekki eins og í refsimálum þar sem allur skynsamlegur vafi er metinn sökunaut í hag.⁷⁶ Í

⁶⁴ Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 164.

⁶⁵ Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsiaðbyrgð II*, bls. 22.

⁶⁶ Þessi meginregla gildir aftur á móti ekki um brot á sérrefsilögum, sjá Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 164.

⁶⁷ Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 164.

⁶⁸ Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 165.

⁶⁹ Arnljótur Björnsson: „Sönnun í skaðabótamálum“, bls. 3.

⁷⁰ Arnljótur Björnsson: „Sönnun í skaðabótamálum“, bls. 3.

⁷¹ Arnljótur Björnsson: „Sönnun í skaðabótamálum“, bls. 3.

⁷² Arnljótur Björnsson: „Sönnun í skaðabótamálum“, bls. 3.

⁷³ Arnljótur Björnsson: „Sönnun í skaðabótamálum“, bls. 4.

⁷⁴ Skaðabótarréttur er almennt flokkaður undir einkarétt, sjá Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 43 og meginregluna um frjálst sönnunarmat má m.a. lesa úr 1. mgr. 44. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð einkamála.

⁷⁵ Arnljótur Björnsson: „Sönnun í skaðabótamálum“, bls. 4.

⁷⁶ Arnljótur Björnsson: „Sönnun í skaðabótamálum“, bls. 6.

skaðabótamálum nægir að leiða sterkar líkur að því að tjón sé af völdum háttsemi þess sem sakaður er um það.⁷⁷

Einnig er gerð krafa um að orsakatengsl milli bótagrundvallar og tjóns séu sönnuð.⁷⁸ Það er því ekki alltaf nóg að sanna aðeins að tjón megi rekja til háttsemi sem tjónvaldur ber ábyrgð á.⁷⁹ Hins vegar er almennt talin vera meiri ástæða til að draga úr kröfum um sönnun á orsakatengslum eftir því sem sökin er stórfelldari.⁸⁰ Ákvæði 2. mgr. 26. gr. skbl. gerir skilyrði um aukna sök svo hægt sé að krefjast bóta. Krafan um orsakatengsl hefur þannig ekki eins hagnýta þýðingu varðandi þetta ákvæði. Einnig verður að telja að orsakatengslin liggja fyrir í flestum tilvikum þegar maður veldur dauða annars manns af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi en meiri vafi getur verið um orsakatengslin þegar tjóni er valdið af almennu gáleysi. Það getur því verið mjög atviksbundið hvenær orsakatengsl verða talin vera fyrir hendi og því er erfitt að setja fram almennar meginreglur um það.⁸¹ Oft þarf að skoða öll atvik sem fyrir hendi eru til að geta metið orsakatengslin.⁸²

Almennt er viðurkennt að ekki sé hægt að gera sömu sönnunarkröfur varðandi miska og bætur vegna fjártjóns því ekki er hægt að sýna að öllu leyti fram á tjón og umfang varðandi miska eins og með fjártjón.⁸³ Tjónið sem aðstandendur verða fyrir er missir ástvinar og því eru miskabæturnar eins konar huggun og ekki er hægt að meta það eftir almennum mælikvarða eins og fram hefur komið. Aðstandendur þurfa því ekki að sýna fram á hvert tjón þeirra sé í fjárhagslegum skilningi. Þeir þurfa samt að sýna fram á ákveðinn lágmarksskaða eða þjáningu sem þeir verða fyrir í kjölfar dauðans. Til skýringar má benda á *Hrd. 2001, bls. 2091 (24/2001) (Ákærvaldið gegn Rúnari Bjarka)* þar sem maður myrti stúlku í Reykjanesbæ, sem hugðist vitna gegn honum í sakamáli, með fjölmörgum hnífstungum. Hann misþyrmdi einnig sambýlismanni stúlkunnar. Hér voru sambýlismanninum og foreldrum stúlkunnar dæmdar miskabætur á grundvelli 2. mgr. 26. gr. skbl. Í dómnum er farið sérstaklega yfir skýrslu geðlækna varðandi ástand sambýlismannsins þar sem sagt er að hann glími við þunglyndi og lífsleiða í kjölfar árásarinnar. Hér virðist Hæstiréttur fara vel yfir hvert ástand sambýlismannsins er og dæmir honum bætur vegna þess í hve slæmu andlegu ástandi hann var eftir árásina. Ekki er farið eins vel yfir andlegt ástand foreldranna en líklegast má gefa sér að andlegt ástand foreldra sé slæmt eftir missi barns. Það má því leiða af þessum

⁷⁷ Arnljótur Björnsson: „Sönnun í skaðabótamálum“, bls. 8.

⁷⁸ Arnljótur Björnsson: „Sönnun í skaðabótamálum“, bls. 12.

⁷⁹ Arnljótur Björnsson: „Sönnun í skaðabótamálum“, bls. 12.

⁸⁰ Arnljótur Björnsson: „Sönnun í skaðabótamálum“, bls. 12.

⁸¹ Jóhannes Sigurðsson: „Orsakasamband í skaðabótarétti“, bls. 113.

⁸² Jóhannes Sigurðsson: „Orsakasamband í skaðabótarétti“, bls. 113.

⁸³ Eiríkur Jónsson: „Miskabætur vegna ólögmeðrar meingerðar gegn æru samkvæmt b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga“, bls. 83

dómi að alltaf verði að sýna fram á lágmarks andlega vanlíðan svo hægt sé að fá bætur dæmdar samkvæmt ákvæðinu.

Eins og fram hefur komið þarf, ef til greina á að koma að dæma bætur eftir 2. mgr. 26. gr. skbl., að sýna fram á að dauðanum hafi verið valdið af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Það er að öllum líkindum mestum vandkvæðum bundið að sýna fram á að háttsemi sé vegna stórkostlegs gáleysis en ekki almenns gáleysis. Mörkin á milli almenns gáleysis og stórkostlegs geta verið mjög óljós en Hæstiréttur hefur þurft að fjalla um þau mörk. Til skýringar má nefna *Hrd. 2004, bls. 3368 (50/2004)* en atvik voru þau að maður sofnaði og ók yfir á rangan vegarhelming með þeim afleiðingum að harður árekstur varð milli tveggja bíla. Ökumaðurinn sem sofnaði lést og hjón í hinum bílnum létust einnig í slysinu. Í þessu máli var deilt um hvort háttsemin félli undir stórkostlegt gáleysi eða ekki. Niðurstaða dómsins varð að það væri stórkostlegt gáleysi að sofna undir stýri þar sem slysið var á fjölförnum vegi og var að öllu leyti vegna þess að bílstjóri sofnaði við aksturinn. Skilyrði voru þá fyrir hendi í málinu til að dæma miskabætur til aðstandenda hjónanna.

Ef menn eru sakfelldir fyrir manndráp samkvæmt 211. gr. hgl. liggur í augum uppi að skilyrði 2. mgr. 26. gr. um ásetning eru fyrir hendi sbr. *Hrd. 2001, bls. 2571 (62/2001)* þar sem maður var sakfelldur fyrir að hrinda stúlku fram af svölum með þeim afleiðingum að hún lést. Hann var talinn hafa gert þetta af ásetningi vegna þess að hún sleit samförum þeirra. Foreldrum stúlkunnar voru dæmdar miskabætur í kjölfarið samkvæmt 2. mgr. 26. gr. skbl. Hafi maður verið sakfelldur fyrir ásetningsverknað sem leiddi til dauða má samkvæmt þessu telja ljóst að skilyrði séu uppfyllt til að krefjast miskabóta eftir ákvæðinu.

Ennfremur þarf að liggja fyrir að maður sé látinn þegar dæma á miskabætur eftir ákvæðinu. Í flestum tilvikum er það ekki vandkvæðum bundið að sýna fram á slíkt en það getur verið um grátt svæði að ræða, t.d. ef viðkomandi er í dái og mun að öllum líkindum ekki vakna aftur. Ekki verður farið nánar út í þetta hér þar sem efni ritgerðarinnar beinist ekki að þessu.

3.5 Maki, börn og foreldrar

3.5.1 Almenn

Enga lögfræðilega skilgreiningu er að finna á orðinu aðstandandi. Samkvæmt almennri orðskýringu telst aðstandandi vera sá sem stendur að einhverjum, sem sagt ættingi eða venslamaður.⁸⁴ Með orðinu aðstandendur í umfjöllun ritgerðarinnar er hér fyrst og fremst átt

⁸⁴ *Íslensk orðabók, bls. 5.*

við þá sem taldir eru upp í 2. mgr. 26. gr. skbl. en þeir eru maki, börn og foreldrar. Í framhaldi á því þarf að gera nánar grein fyrir því hverjir falla í raun undir þessi þrjú orð.

3.3.2 Maki

Orðið maki getur haft mismunandi merkingu í hugum manna, en lögfræðileg skilgreining á orðinu maki er karl eða kona sem er kvæntur eða gift eða er í sambúð eða staðfestri samvist.⁸⁵ Maki nær sem sagt til fólks, hvort sem það er kvænt, í sambúð eða staðfestri samvist. Þá kemur fram í athugasemdum með því frumvarpi sem síðar varð að skbl., að orðið maki nái einnig til sambúðarmaka.⁸⁶ Hér er réttarstaða sambúðarmaka alls ekki verri að lögum eins og oft er raunin og hafið er yfir vafa að sambúðarmaki á rétt á því að krefjast bóta samkvæmt ákvæðinu.

Hugtakið maki í 2. mgr. 26. gr. skbl. hefur ekki verið túlkað jafn þröngt og hugtakið sambúðarmaki í 13. gr. skbl. en það sjónarmið kemur fram í *Hrd. 2001, bls. 2091 (24/2001) (Ákærvaldið gegn Rúnari Bjarka)*⁸⁷:

Á hinn bóginn þykja rök eigi standa til þess að hugtakið „maki“ í skilningi 2. mgr. 26. gr. skaðabótalaga verði skýrt jafn þröngt og hugtakið „sambúðarmaki“ í 13. gr. laganna. Kemur þar til að bætur samkvæmt 13. gr. eru vegna fjárhagslegs tjóns, en bætur samkvæmt 26. gr. eru reistar á öðrum sjónarmiðum.

Í þessu máli var bótakröfu hafnað vegna missis framfæranda samkvæmt 13. gr. skbl. en hins vegar fallist á bætur samkvæmt 2. mgr. 26. gr. skbl. Dómurinn telur að 13. gr. skbl. áskilji að fólk hafi raunverulega verið í sambúð en það skorti gögn til sönnunar á því í þessu máli. Álykta má frá þessum dómi að þar þurfi ekki að vera í raunverulegri sambúð til að geta átt rétt á miskabótum samkvæmt 2. mgr. 26. gr. skbl. Er þessi niðurstaða í samræmi við tilgang 2. mgr. 26. gr. skbl. þar sem miskabætur samkvæmt ákvæðinu eru vegna ófjárhagslegs tjóns og þá þarf ekki að sýna fram á fjártjón viðkomandi. Því skiptir ekki máli hvort aðilarnir hafi í raun verið í fastri sambúð eða ekki til að fá miskabætur samkvæmt ákvæðinu. Hér skipta tilfinningarnar meira máli og því þarf aðeins að sýna fram á að þau hafi verið í föstu sambandi en ekki að þau hafi búið saman. Hugtakið maki er því túlkað með víðtækari hætti í 2. mgr. 26. gr. en í 13. gr. skbl. og því nær fyrrgreinda ákvæðið til fleiri tilvika en það seinna. Með öðrum orðum að þá þarf ekki að uppfylla skilyrði 13. gr. skbl. um raunverulega sambúð til að fá dæmdar miskabætur samkvæmt 2. mgr. 26. gr. skbl.

⁸⁵ *Lögfræðiorðabók með skýringum, bls. 272.*

⁸⁶ Alþt. 1998-99, A-deild, bls. 1300.

⁸⁷ Áður hefur verið minnst á þennan dóm í umfjölluninni en mál þetta varðar morð í Reykjanesbæ þar sem stúlka var myrt með fjölmörgum hnífsstungum.

3.5.3 Börn

Það er e.t.v. ekki hægt að skilgreina barn á marga vegu en lögfræðilega skilgreining hugtaksins er sá einstaklingur sem ekki hefur náð 18 ára aldri.⁸⁸ Er þetta almennt í samræmi við hugmyndir manna um hvað felst í orðinu. Óeðlilegt verður hins vegar að telja að aðeins börn undir 18 ára eigi rétt á bótum samkvæmt 2. mgr. 26. gr. skbl. Ekki verður almennt séð einstaklingur undir 18 ára aldri syrgi eða sakni foreldra sinna meira en einstaklingur sem kominn er yfir þann aldur. Tilgangur ákvæðisins er að greiða miskabætur vegna andláts foreldris og telja verður að áfallið sé að öllum líkindum það sama þótt barnið sé undir eða yfir 18 ára aldri. Orðið barn samkvæmt 2. mgr. 26. gr. skbl. nær því til einstaklinga sem hafa náð 18 ára aldri og yfir. Ákvæðið nær því til einstaklinga sem almennt teljast ekki lengur börn sökum aldurs en hugsunin að baki er sú, að menn náttúrulega hætta ekki að vera barn einhvers þó svo að hann nái 18 ára aldri.

Spyrja má hvort ákvæðið nái einnig til kjörbarns, stjúpbarns og fósturbarns. Í athugasemdum með því frumvarpi sem síðar varð að skbl. kemur fram að orðið barn skuli einnig ná til fósturbarns.⁸⁹ Það er hins vegar ekkert minnst á stjúpbarn eða kjörbarn í athugasemdunum, það er þó ekki hægt að útiloka að ákvæðið nái ekki einnig til þeirra. Löggjafinn hefði þurft að taka það fram í athugasemdunum að bótarétturinn næði ekki til þessara barna til að útiloka hann. Það verður því að telja að dómstólar myndu meta það hverju sinni hvort nægileg tengsl væru til staðar til að dæma bætur eftir ákvæðinu.⁹⁰ Það færi eftir hvert andlegt ástand barnins væri eftir andlátið og hvort barnið tæki andlátið verulega nærri sér. Ef barnið hefur búið hjá þeim látna og umgengst hann mikið að þá verður að ætla að meiri líkur en minni séu fyrir því að bótaréttur sé til staðar. Ef barnið hefur litið á þann látna sem föður eða móður að þá verður að ætla að nægileg tengsl séu til staðar til að dæma barninu miskabætur eftir ákvæðinu.

3.5.4 Foreldrar

Orðið foreldri hefur enga formlega lögfræðilega skilgreiningu en flestir gera sér ljóst hvað felst í því en það er einstaklingur sem er faðir eða móðir barns. Eins og kom fram hér að ofan nær orðið barn til fósturbarna og því er eðlilegt að álykta að orðið foreldri nái einnig til fósturforeldra. Með sama hætti verður að telja að orðið nái einnig til kjörforeldra og

⁸⁸ *Lögfræðiorðabók með skýringum*, bls. 50. Sjá einnig 1. mgr. 3. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

⁸⁹ Alþt. 1998-98, A-deild, bls. 1300.

⁹⁰ Sjá Alþt. 1998-98, A-deild, bls. 1300 en þar kemur fram að dómstólar eigi að meta það hverju sinni hverjir úr hópi hinna tilgreindu í 2. mgr. 26. gr. skbl. eigi rétt til bótanna.

stjúpfóreltra ef nægilega tengsl eru fyrir hendi miðað við niðurstöðuna í fyrri kafla. Almennt er gengið út frá því að erfitt sé fyrir foreldra að lifa barn sitt og ef foreldrar hafa átt náið samband við barnið eru almennt verulegar líkur á því að þeir fái dæmdar miskabætur samkvæmt 2. mgr. 26. gr. skbl. Ekki er miklu við þetta að bæta þar sem það liggur í augum uppi að foreldrar geti þá krafist miskabóta samkvæmt ákvæðinu ef barn þeirra lætur lífið við þau skilyrði sem ákvæðið tilgreinir.

3.6 Er hægt að láta ákvæðið ná til fleiri aðila?

3.6.1 Almennt

Þá kemur að lokaatriði ritgerðarinnar, en hún er sú, hvort hægt sé að rýmka gildi ákvæðisins þannig að það nái til fleiri aðila en ákvæðið telur sjálft upp. Litið verður á hver sé réttarstaðan á Norðurlöndum, þar sem mikil samvinna hefur átt sér stað á sviði skaðabótaréttar. Einnig verður vikið að hvaða sjónarmiðum horfa þurfi til við val á lögskýringarleiðum þegar túlka eigi ákvæðið. Að lokum verður því velt upp hvort sá sem verður vitni að dauða annars geti átt rétt á miskabótum vegna andlegs áfalls.

3.6.2 Réttarstaðan á Norðurlöndunum

Mikil samvinna hefur átt sér stað á milli Norðurlandanna á sviði skaðabótaréttar, enda eru skaðabótareglurnar á milli landanna keimlíkar. Íslendingar fara ógjarna ótroðnar slóðir á sviði lögfræðinnar og horfa mikið til Norðurlandanna, einkum Danmerkur, þótt horft hafi verið til Noregs við setningu ákvæðis 2. mgr. 26. gr. skbl. Það er því hentugt að geta litið til nágrannalanda okkar til skýringar og til að svara spurningum á borð við þá, sem hér er glímt við.

Norskir fræðimenn telja að ákvæðið nái ekki til fjarskyldari venslamanna en ákvæðið telur upp sjálft og því geti t.d. bræður eða systur hins látna ekki sótt bætur á grundvelli norska ákvæðisins.⁹¹ Það hefur komið fram áður, að við lögfestingu íslenska ákvæðisins var horft til samsvarandi norsks ákvæðis og eru þau nánast eins orðuð. Gera má því skóna að svipuð sjónarmið eigi við bæði ákvæðin.

Þegar að skaðabótalögin voru sett hér á landi þá voru dönsku skaðabótalögin nánast þýdd yfir á íslensku⁹² en Danir voru ekki búnir að setja sambærilega reglu og fram kemur í 2. mgr. 26. gr. á þeim tíma. Dönsku skaðabótalögunum hefur nú verið breytt og sambærilegu ákvæði bætt inn í þau árið 2002. Ákvæðið er mjög áþekkt því íslenska og það kveður á um sömu

⁹¹ Nils Nygaard: *Skade og ansvar*, bls. 168.

⁹² Jón Erlingur Þorláksson: „Íslensku skaðabótalögin misheppnuð lagasmíð“, bls. 195.

skilyrði um aukið saknæmi. Ákvæðið felur þó ekki í sér upptalningu eins og það íslenska um til hverra það nær heldur kemur fram að eftirlifendur geti átt rétt á miskabótum samkvæmt því. Almennt hefur verið talið af dönskum fræðimönnum að með eftirlifendum sé átt við maka, börn og foreldra.⁹³ Réttarstaðan í Danmörku varðandi ákvæðið er því nánast sú sama og er hér á landi. Rétturinn er þó ekki takmarkaður við maka, börn og foreldra í ákvæðinu og því hafa danskir dómstólar meira svigrúm til þess að meta það hvort fleiri aðilar geti einnig átt rétt á miskabótum.⁹⁴

Í finnskum rétti er að finna mjög álíkt ákvæði og er í gildi hér á landi. En ákvæðið er samt ekki eins að öllu leyti, því opnað er fyrir að fleiri en maki, börn og foreldrar geti átt rétt á miskabótum en talað er um að þeir sem hafa staðið hinum látna sérstaklega nærri geti einnig átt rétt á bótum. Hins vegar er talið að meginreglan í finnskum rétti sé samt sú að ekki eru dæmdar bætur vegna andlegs áfalls þriðja manns nema í undantekningartilfellum.⁹⁵

Í Svíþjóð gildir mjög svipuð regla og í Finnlandi og talið að þeir sem standi hinum látna sérstaklega nærri geti átt rétt á miskabótum. Ákvæðin í Finnlandi og Svíþjóð eru því rýmri en það íslenska, þar sem talið er að aðrir venslamenn hins látna eins og systkini geta einnig átt rétt á miskabótum.⁹⁶ Þar af leiðandi hafa dómstólar í Finnlandi og Svíþjóð töluvert meira svigrúm til að dæma öðrum miskabætur en á hinum Norðurlöndunum. Dæmi eru um að aðrir en maki, börn og foreldrar hafi fengið dæmdar miskabætur í sænskum rétti sbr. *NJA 1993, bls. 41* þar sem foreldrar og systir stúlku fengu dæmdar miskabætur, en stúlkunni hafði verið nauðgað og hún myrt af ásetningi. Þessi dómur féll reyndar áður en sambærilegt ákvæði og 2. mgr. 26. gr. skbl. hafði verið sett en niðurstaða dómsins er í samræmi við það sem ákvæði þeirra mælir fyrir um í dag.

3.6.3 Lögskýringarsjónarmið

Markmiðskýring er viðurkennd lögskýringaraðferð en með henni er átt við að reynt sé að greina vilja löggjafans eða tilganginn með lagasetningunni, annaðhvort út frá lagatextanum sjálfum eða með hliðsjón af lögskýringargögnum.⁹⁷ Texti 2. mgr. 26. gr. skbl. gefur til kynna að ekki eigi fleiri rétt á miskabótum en lesa má úr ákvæðinu. Í athugasemdum með því frumvarpi sem síðar varð að skbl. segir:

⁹³ Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 334.

⁹⁴ Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 334.

⁹⁵ Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 334.

⁹⁶ Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 334-335.

⁹⁷ Sjá Davíð Þór Björgvinsson: *Lögskýringar*, bls. 122 og 126-128.

Lagt er í hendur dómstóla að ákveða hæfilegar bætur og jafnframt að ákveða hverju sinni hverjir úr hópi hinna tilgreindu eigi rétt til bóta. Færi slíkt eftir aðstæðum hverju sinni.⁹⁸

Hér kemur fram að dómstólar eigi að ákveða hverju sinni hverjir úr hópi þeirra sem tilgreindir eru í ákvæðinu eigi rétt til bóta. Það virðist því gefið í skyn hér að dómstólum sé óheimilt að fara út fyrir hina tilgreindu aðstandendur í ákvæðinu og því má ætla að svigrúm dómstólanna til að rýmka gildi ákvæðisins sé ströngum takmörkunum háð, nema e.t.v. að upp komi algert undantekningartilvik sem löggjafinn getur ekki hafa haft í huga við setningu ákvæðisins.

Það er meginregla í skaðabótarétti sem byggist á afstöðu fræðimanna og dómstóla að einungis þeir sem telja má til eiginlegra tjónþola, þ.e. þeir sem verða fyrir tjóni á líkama eða eignum, geti átt rétt á skaðabótum en ekki þeir sem verða fyrir afleiddu tjóni.⁹⁹ Frá þessari meginreglu hafa lengi verið gerðar undantekningar og hefur vægi slíkra undantekninga aukist á síðustu árum.¹⁰⁰ Erfitt er að draga skýr mörk á milli þess hvenær menn eiga rétt á skaðabótum vegna afleidds tjóns og hvenær ekki. Hins vegar er 2. mgr. 26. gr. skbl. lögákvæðin undantekning frá fyrrgreindri meginreglu.¹⁰¹ Með setningu ákvæðisins var brotið blað í skaðabótarétti því mörk skaðabótaábyrgðarinnar voru færð út fyrir það sem áður var talið gilda hér á landi.¹⁰² Þar sem 2. mgr. 26. gr. skbl. er undantekningarregla ætti almennt að túlka ákvæðið þröngt þannig að það nái ekki til fleiri aðila en það beinlínis telur upp.¹⁰³

Almennt er talið að gagnálykta eigi frá ákvæði þegar það hefur að geyma tæmandi talningu eða að efnisinntak ákvæðisins sé með tæmandi hætti.¹⁰⁴ Spurning er hvort upptalningin í 2. mgr. 26. gr. skbl. sé með tæmandi hætti eða ekki. Ekkert kemur fram í lok ákvæðisins sem bendir til þess að ekki sé um tæmandi talningu að ræða og ummælin í lögskýringargögnum virðast ennfremur benda til þess að ákvæðið eigi ekki að ná til fleiri aðila en beinlínins eru taldir upp. Allt þetta styður það að gagnálykta eigi frá upptalningunni í ákvæðinu þannig að ekki geti aðrir en maki, börn og foreldrar átt rétt á miskabótum samkvæmt ákvæðinu.

Hins vegar er dæmi um að Hæstiréttur hafi beitt rýmkandi lögskýringu um ákvæði sem hafði að geyma upptalningu á ákveðnum aðilum þannig að það var látið ná til fleiri aðila en leiða mátti af orðum þess. Í *Hrd. 1942, bls. 153 (Forkaupsréttur)* voru atvik þau að maður

⁹⁸ Alpt. 1998-98, A-deild, bls. 1300.

⁹⁹ Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 329-330.

¹⁰⁰ Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 330.

¹⁰¹ Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 334.

¹⁰² Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 334.

¹⁰³ Almenn leiðbeiningarregla að túlka eigi undanþáguákvæði þröngt, sjá Davíð Þór Björgvinsson: *Lögskýringar*, bls. 179.

¹⁰⁴ Davíð Þór Björgvinsson: *Lögskýringar*, bls. 217.

seldi barnabörnum sínum jörð sem hann átti. Síðan krafðist sveitarfélagið þess að fá að neyta forkaupsréttar sem það átti samkvæmt lögum um forkaupsrétt, en samkvæmt lagaákvæðinu varð forkaupsréttur ekki virkur þegar eigandi jarðar seldi hana barni sínu, kjörbarni, fósturbarni, systkini eða foreldri. Niðurstaða Hæstaréttar varð hins vegar á þann veg að orðið barn bæri að skýra svo rúmt að barnabarn rúmaðist innan marka þess og því var ekki talið að forkaupsréttur sveitarfélagsins hafi orðið virkur. Sé tekið mið af þessum dómi væri e.t.v. hægt að láta barnabörn einnig falla undir upptalninguna í 2. mgr. 26. gr. skbl. Ef rýmkaði lögskýringu væri sem sagt beitt að þá opnast möguleiki fyrir dómstóla til að dæma fleiri aðilum miskabætur en þeim sem beinlínis eru taldir upp í ákvæðinu. Erfitt að setja fram meginreglur um hvenær eigi að beita rýmkaði lögskýringu¹⁰⁵ en almenn lögskýring er oftast valin nema gild rök leiði til annars.¹⁰⁶ Það færi því mjög eftir atvikum máls hvort möguleiki væri á að beita rýmkaði lögskýringu.

Þó svo að 2. mgr. 26. gr. skbl. sé í raun undantekning frá meginreglunni um afleitt tjón, byggist þetta ákvæði einnig á vissri meginreglu. Segja má að skaðabótarétturinn í heild byggist á þessari meginreglu, sem er sú að verði maður fyrir tjóni vegna háttsemi annars manns skal hinn fyrrnefndi fá tjónið bætt. Ákveðið réttlætisviðhorf felst í skaðabótareglum, sem kemur fram í því að tjónvaldur eigi að bæta það tjón sem hann veldur.¹⁰⁷ Þetta undantekningarákvæði byggir vissulega á þessum sjónarmiðum en þessa meginreglu má m.a. leiða af bótahlutverki skaðabótareglna en hún gengur út á að gera tjónþola eins settan og ekkert tjón hafi átt sér stað.¹⁰⁸

Hér vegast sem sagt á tvær meginreglur, önnur þeirra segir að ekki eigi að bæta afleitt tjón nema með ströngum undantekningum en hin segir að tjónvaldur eigi að bæta það tjón sem hann veldur. Miðað við hvernig 2. mgr. 26. gr. skbl. er orðuð verður að ætla að ekki sé hægt að skýra ákvæðið rúmt og láta það ná til fleiri aðila en þeirra sem þar eru upp taldir. Þar sem í ákvæðinu felst lögákvæðin undantekning og það hefur að geyma upptalningu verður að telja að aðeins maki, barn og foreldrar eigi rétt á bótum samkvæmt ákvæðinu miðað við hvernig þau hugtök voru skilgreint hér áður í umfjölluninni. Hins vegar hefur Hæstiréttur, sbr. *Hrd. 1942, bls. 153 (Forkaupsréttur)*, beitt rýmkaði lögskýringu þó svo að ákvæði hafi að geyma upptalningu. Því er ekki hægt að útiloka að nákomnir ættingjar hins látna geti gert tilkall til miskabóta samkvæmt ákvæðinu, en vænta má að sérstakar aðstæður þyrftu að vera til staðar til að réttlæta það. Gæti Hæstiréttur rökstutt þá niðurstöðu á þann veg að það samrýmdist

¹⁰⁵ Davíð Þór Björgvinsson: *Lögskýringar*, bls. 184.

¹⁰⁶ Davíð Þór Björgvinsson: *Lögskýringar*, bls. 161.

¹⁰⁷ Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 67.

¹⁰⁸ Þetta sjónarmið er hægt að lesa úr umfjöllun Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 59-72.

markmiði ákvæðisins að nákomnir ættingjar, eins og barnabörn eða systkini hins látna, gætu átt rétt á bótum. Það væri einnig í samræmi við hvernig eldra ákvæði hgl. var túlkað áður fyrr, eins og vikið var að í kafla 3.2.2 hér að framan.

3.6.5 *Getur sá sem verður vitni að dauða fengið dæmdar miskabætur?*

Komið hefur fyrir að menn hafa orðið vitni að hrottalegri árás eða hræðilegu slysi sem leiðir til dauða og átt erfitt með að jafna sig af þeirri lífsreynslu. Þá vaknar sú spurning, hvort þeir sem verða fyrir slíku andlegu áfalli, en tengjast þó ekki hinum látna, eigi rétt á því að krefjast bóta. Miðað við hvernig 2. mgr. 26. gr. skbl. er orðuð verður að ætla að á brattann sé að sækja fyrir mann í þessari aðstöðu til að fá dæmdar miskabætur.

Ekki er að finna neina hæstaréttardóma hér á landi sem svara því hvernig tekið yrði á miskabótakröfu manns sem tengist ekki hinum látna. Hins vegar hefur reynt á slíkt í Noregi og þar sem ákvæðið er nánast eins og það sem er að finna hér á landi, er vert að athuga hvernig norskir dómstólar hafa tekið á svona málum. Nefna má í því sambandi dóm í *RG 1990, bls. 18* en atvik máls voru þau að maður sem var við vinnu á olúborpalli, varð vitni að því þegar að öðrum olúborpalli skammt frá, hvolfdi og mikið manntjón varð. Maðurinn sem varð vitni að þessu hlaut andlegt áfall sem hafði mikil og langvarandi áhrif á hann. Skaðabótakröfu hans var hafnað af hálfu norskra dómstóla og byggðist niðurstaða þeirra á því að skilyrðum um sennilega afleiðingu væri ekki fullnægt og hann gæti því ekki átt rétt á bótum. Einnig var vísað til þess í dómnum að þessi maður væri sérstaklega viðkvæmur en óvíst er hvað það hafði mikil áhrif á niðurstöðuna. Það má því leiða það af þessum dómi að sú meginregla sé í gildi í Noregi að sá sem verður vitni að dauða annars manns og er ekki nákominn honum eigi ekki rétt á miskabótum. Sama regla er talin gilda í Danmörku og því eru þeir sem eru andlega viðkvæmir sjálfir látnir bera tjónið vegna áfallsins sem þeir verða fyrir.¹⁰⁹

Hins vegar er talið að önnur regla gildi ef sá sem varð vitni að árásinni eða slysinu hafi sjálfur verið í hættu. Þeir sem hafa verið á vettvangi og sjálfir í hættu geta átt rétt á bótum vegna andlegs áfalls.¹¹⁰ Nefna má danskan hæstaréttardóm þessu til stuðnings, *UfR. 1973, bls. 451* en atvik voru þau að ökumaður bíls sem var á eðlilegum hraða og nálgast gatnamót, keyrði á skellinöðru sem skyndilega ók í veg fyrir hann. Ökumaður bílsins hafði reynt að nauðhemla en ekki tekist að forða slysi og lenti ökumaður skellinöðrunnar uppi á vélarhlíf bifreiðarinnar og kastaðist á framrúðuna með þeim afleiðingum að hún brotnaði. Ökumaður

¹⁰⁹ Anders Vinding Kruse: *Erstatningsretten*, bls. 293.

¹¹⁰ Anders Vinding Kruse: *Erstatningsretten*, bls. 293.

skellinöðrunnar lét lífið við áreksturinn af völdum áverka á höfuðkúpu og heila. Í ljós kom við krufningu að hinn látni hafði verulegt áfengismagn í blóðinu og talið var að hann hafi með háttsemi sinni valdið slysinu. Ökumaður bifreiðarinnar slasaðist lítið fyrir utan smásár í andliti. Í kjölfar slyssins átti hann hins vegar erfitt með svefn og varð taugaveiklaður, sem bitnaði m.a. á starfi hans. Það endaði með því að hann hætti að vinna vegna andlegs ástands síns. Ökumaður bifreiðarinnar krafði dánarbú hins ökumannsins um skaðabætur vegna tjóns síns. Hæstiréttur Danmerkur féllst á bótakröfuna þar sem hann hafði sjálfur verið í hættu á að slasast alvarlega í umferðarslysinu. Taldi dómstóllinn að orsakatengsl væru á milli slyssins og hins slæma heilsufars hans. Hér er niðurstaða dómsins sú að annar en náinn ættingi hins látna er talinn eiga rétt á miskabótum.

Talið hefur verið að ef þeir sem taldir eru upp í 2. mgr. 26. gr. skbl. verði hins vegar vitni að dauða aðstandanda síns, geti það leitt til rýmri bótaréttar en leiða má af ákvæðinu. Jafnvel gætu þeir átt rétt á miskabótum þó svo að dauða aðstandandans sé valdið af almennu gáleysi.¹¹¹ Einnig hefur verið talið að það geti leitt til rýmri bótaréttar ef upplýst er um dauðann með mjög tillitslausum hætti.¹¹² Sjá til skýringar á fyrra atriðinu *Rt. 1985, bls. 1011* en atvik voru þau að kona stóð á lestarþalli og varð hún vitni að því þegar að ljósker á lest lenti á andliti eiginmanns hennar. Maðurinn lést að vísu ekki en hann hlaut alvarlega áverka og sagði læknir sem meðhöndlaði hann að þetta væri með því versta sem hann hefði séð. Hæstiréttur Noregs komst að þeirri niðurstöðu að konan, sem varð fyrir andlegu áfalli í kjölfar slyssins, ætti rétt á bótum vegna áfallsins. Þó svo að maðurinn hafi ekki látið lífið á þessi dómur vel við umfjöllunina hér því ef hann hefði dáið að þá hefði konan væntanlega ekki orðið fyrir minna áfalli. Þessi dómur sýnir að það þurfi jafnvel ekki dauða til þess að dæma miskabætur vegna andlegs áfalls. Ekki er víst að niðurstaðan hefði orðið sú sama hér á landi en ætla verður að mikið þurfi til svo fallist verði á að dæma miskabætur í þessum tilvikum.¹¹³

4 Niðurstöður

Að lokum er rétt að draga saman stuttlega helstu niðurstöður ritgerðarinnar. Með orðinu maki í 2. mgr. 26. gr. skbl. er átt við karl eða konu sem er kvæntur eða gift eða er í sambúð eða staðfestri samvist. Ekki er gert skilyrði um raunverulega sambúð til að maki geti átt rétt á bótum eftir ákvæðinu heldur aðeins að þau hafi verið í föstu sambandi. Með orðinu barn er átt við einstaklinga hvort þeir séu undir eða yfir 18 ára aldri og því er barn túlkað með rýmri

¹¹¹ Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 336-337.

¹¹² Nils Nygaard: *Skade og ansvar*, bls. 359-360.

¹¹³ Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 337.

hætti en almennt er gert í lögunum. Einnig nær orðið barn til kjörbarna, stjúpbarna og fósturbarna en dómstólar myndu meta það hverju sinni hvort þau börn ættu rétt á bótum eftir ákvæðinu með tilliti til tengsla þeirra við þann látna. Með foreldrum er átt við þá sem eru faðir og móðir barns. Með sama hætti gætu kjörforeldrar, stjúpforeldrar og fósturforeldrar átt rétt á bótum ef nægileg tengsl eru til vera til staðar milli þeirra og barnsins.

Orðalag 2. mgr. 26. gr. skbl. gefur ekki til kynna að fleiri aðilar en taldir eru þar upp eigi rétt á miskabótum samkvæmt ákvæðinu. Heldur er ekki hægt að skilja lögskýringargögnin á annan veg en að ætlunin hafi ekki verið að aðrir ættu þennan rétt. Niðurstaðan er því sú að túlka eigi ákvæðið með almennri lögskýringu eða eftir orðanna hljóðan. Erfitt er þó að fullyrða að ekki geti komið upp undantekningartilvik þar sem fallist yrði á miskabætur handa nánnum aðstandanda þess látna ef litið er til markmiðs ákvæðisins og þeirra meginreglu að þeir sem verði fyrir tjóni vegna háttsemi annars manns eigi rétt á bótum. Því er ekki hægt að útiloka að nákomnir ættingjar hins látna, eins og systkini eða barnabörn, geti gert tilkall til miskabóta samkvæmt ákvæðinu, en vænta má að sérstakar aðstæður þyrftu til að réttlæta það.

Ólíklegt verður að telja að sá sem verður vitni að dauða annars manns geti gert tilkall til miskabóta á grundvelli ákvæðis 2. mgr. 26. gr. skbl. ef sá hefur ekki náin tengsl við hinn látna. Er þessi niðurstaða í samræmi við *RG 1990, bls. 18* sem var reifaður hér að ofan. Þó er ekki hægt að útiloka slíkt með öllu fyrr en svona mál kemur til kasta Hæstaréttar en ljóst má telja að það yrði einungis í algerum undantekningartilfellum sem rétti til miskabóta eftir ákvæðinu yrði játað í slíkum málum. Sennilega yrðu gerðar strangar kröfur um alvarlegar, sálrænar afleiðingar vitnisins auk þess sem saknæmisstig tjónvalds yrði að vera hátt.

Ekki er útilokað að önnur niðurstaða verði ef sá sem verður vitni að dauða annars manns er jafnframt sjálfur í lífshættu þegar dauðsfallið á sér stað. Í slíkum tilvikum gæti bótaréttur verið fyrir hendi og væri það í samræmi við *UfR. 1973, bls. 451* sem var reifaður að ofan. Viðkomandi yrði þá að hafa verið í raunverulegri hættu og hafa orðið fyrir áfalli af þeim sökum.

Í hnotskurn má segja niðurstöður ritgerðar þessarar séu, að ekki verður fallist á miskabætur til handa þeim sem verður vitni að dauða annars manns, nema sá hafi verið nákominn hinum látna eða hafi sjálfur verið í raunverulegri hættu á að slasast alvarlega eða láta lífið. Þar sem 2. mgr. 26. gr. skbl. nær ekki til þessara tilvika samkvæmt orða sinna hljóðan myndi líklega þurfa að styðja þessa niðurstöðu við meginreglur laga eða þá með mjög framsækinni lögskýringu á ákvæðinu sjálfu. Þó svo að telja megi það meginreglu að þeir sem verði fyrir tjóni vegna háttsemi annars manns eigi rétt á bótum, er sú meginregla mjög almenn

og að öllum líkindum væri erfitt fyrir dómstólar byggja niðurstöður sínar eingöngu á henni einni.

HEIMILDARSKRÁ

Alþingistíðindi.

Anders Vinding Kruse: *Erstatningsretten*. 5. útgáfa. Kaupmannahöfn 1989.

Arnljótur Björnsson: *Kaflar úr skaðabótarétti*. Reykjavík 1990.

Arnljótur Björnsson: *Skaðabótaréttur. Kennslubók fyrir byrjendur*. Reykjavík 1986.

Arnljótur Björnsson: „Sönnun í skaðabótamálum“. *Tímarit lögfræðinga*, 1. hefti 1991, bls. 3-22.

Davíð Þór Björgvinsson: *Lögskýringar*. Reykjavík 2008.

Eiríkur Jónsson: „Miskabætur vegna ólögmatrar meingerðar gegn æru samkvæmt b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga“. *Úlfjótur*, 1. tbl. 2007, 25-96.

Gestur Jónsson og Gunnlaugur Claessen: *Endurskoðun skaðabótalaga. Tímarit lögfræðinga*, 3. hefti. 1997, bls. 146-160.

Guðný Björnsdóttir: „Miskabætur fyrir líkamstjón“. *Tímarit lögfræðinga*, 3. hefti 1982, bls. 109-166.

Íslensk orðabók. Fjórða útgáfa byggð á 3. prentun frá 2005 með allnokkrum breytingum. Ritstj. Mördur Árnason. Reykjavík 2007.

Jan Hellner: *Skadeståndsrátt*. 4. útgáfa. Stokkhólmur 1985.

Jóhannes Sigurðsson: „Orsakasamband í skaðabótarétti“. *Úlfjótur*, 2. tbl. 1990, bls. 93-116.

Jón Erlingur Þorláksson: „Íslensku skaðabótalögin misheppnuð lagasmíð“. *Tímarit lögfræðinga*, 3. hefti 1999, bls. 187-196.

Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð II*. Reykjavík 2002.

Lögfræðiorðabók. Með skýringum. Ritstj. Páll Sigurðsson. Reykjavík 2008.

Nils Nygaard: *Skade og ansvar*. 5. útgáfa. Bergen 2000.

Ólafur Jóhannesson: „Fjártjón og miski“. *Úlfjótur*, 2. tbl. 1947, bls. 3-11.

Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*. Reykjavík 2005.

Vilhjálmur H. Vilhjálmsson: „Skaðabótalög“. *Tímarit lögfræðinga*, 3. hefti 1998, bls. 174-206.

DÓMASKRÁ

Dómar Hæstaréttar:

Hrd. 1942, bls. 153 (Forkaupsréttur)

Hrd. 2001, bls. 2091 (24/2001) (Ákærvaldið gegn Rúnari Bjarka)

Hrd. 2001, bls. 2571 (62/2001)

Hrd. 2003, bls. 1379 (168/2002) (Shaken baby syndrome)

Hrd. 2004, bls. 3368 (50/2004)

Danskir dómar:

UfR. 1973, bls. 451

Sænskir dómar:

NJA 1993, bls. 41

Norskir dómar:

Rt. 1985, bls. 1011

RG 1990, bls. 18